

**47. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
26. október 2016 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**2. 1606079 - Fjárhagsáætlun 2017 - 2020**

Tíma- og verkáætlun og samþykkt forsenda fjárhagsáætlunar 2017 liggur fyrir.

*Farið var yfir greinargerðir sviðsstjóra varðandi frávik og breytingar frá forsendum fjárhagsáætlunar.*

**3. 1610193 - Reglur Akraneskaupstaðar um stofnframlög**

Drög að reglum Akraneskaupstaðar um stofnframlög liggja fyrir.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir drög að reglum Akraneskaupstaðar um stofnframlag og vísar þeim til afgreiðslu í bæjarráði.*

**4. 1608102 - Trúnaðarmál**

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**5. 1607041 - Almennar íbúðir - stofnstyrkur til Brynja hússjóður**

Samstarf við Brynju hússjóð.

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að farið verði í samstarf við Brynju hússjóð samkvæmt umsókn þeirra um stofnframlag Akraneskaupstaðar til kaupa á 6 íbúðum fyrir öryrkja fram til ársins 2018.*

**1. 1410165 - Þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**

Bæjarráð vísaði, á fundi sínum 18. október 2016, skýrslu starfshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 til umsagnar í velferðar- og mannréttindaráði.

*Á fundinn mætti kl. 16:00 Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri heimaþjónustu og kynnti niðurstöður starfshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6.*

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar starfshópnum fyrir sína vinnu. Ráðið telur skýrsluna nýtast vel í áframhaldandi vinnu við skipulagningu á aðstöðu fyrir félags- og frístundastarf eldri borgara og öryrkja á Akranesi. Ráðið leggur áherslu á að leitað verði eftir samráði við FEBAN og aðra hagsmunaaðila.*

*Laufey vék af fundi kl. 16:51.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:48.**

*Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir  
Einar Brandsson  
Gunnhildur Björnsdóttir  
Anna Þóra Þorgilsdóttir*

*Svala Hreinsdóttir  
Sveinborg Kristjánsdóttir*